

Rannsóknarnefnd sjóslysa

Nefndin heitir rannsóknarnefnd sjóslysa (RNS) og á ensku, Icelandic Marine Accident Investigation Board (IMAIB).

SKIPAN

Nefndin er skipuð af samgönguráðherra til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti fimm aðal- og fimm varamenn. Allir nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem nýtast við sjóslysarannsóknir. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNS.

TILGANGUR RNS

Tilgangur með rannsóknum sjóslysa er að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og ennfremur að auka og efla öryggi til sjós. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Ekki er heimilt að nota gögn eða skýrslur nefndarinnar sem sönnunargagn í opinberum málum.

LAGAUMHVERFI

Um rannsóknir sjóslysa er fjallað í lögum nr. 68/2000 sem tóku gildi 1. sept. 2000 með breytingum frá 2003. Reglugerð um sama efni er nr. 133/2001.

Lögin taka til sjóslysa, köfunarslysa og annarra atvika á vötnum auk leitar- og björgunaraðgerða þegar við á.

RNS starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar slysa og annarra atvika umfram það sem skylt er skv. lögnum. Kostnaður vegna starfsemi RNS er greiddur úr ríkissjóði.



RANNSÓKNIR RNS ná til:

- Allra íslenskra skipa og erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar sjóslys varðar íslenska hagsmuni.
- Erlendra skipa sem koma til landsins eða í íslenska lögsögu ef tilefni er til eða ef þess er óskað af fánaríki skipsins.

HVERS VEGNA OG Á HVAÐA GRUNNI ERU SLYS RANNSÖKUÐ?

Í rannsóknarvinnu RNS er leitað svara við þremur grundvallar spurningum: hvað gerðist, af hverju gerðist það og hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir svipað atvik gerist aftur.

STARFSEMI RNS?

Hægt er að hafa samband við RNS allan sólarhringinn. Þegar tilkynning berst til RNS um sjóslys eða alvarleg atvik um borð í skipum er viðeigandi upplýsingum safnað saman og ef talið er nauðsynlegt er málið sett í rannsókn.

Það sem hefur áhrif á hvaða mál eru rannsökuð er:

- Ákvörðun og frumkvæði RNS.
- Tilkynningar um slys og óhöpp.
- Beiðni aðila sem telja þörf á og leggja fram gögn sem uppfylla skilyrði laga til að verða tekin til rannsóknar.

Mál sem ekki er talin ástæða til að rannsaka sérstaklega eru skráð og flokkuð.

Hægt er að endurupptaka mál ef fram koma ný og mikilvæg gögn að mati RNS.

MÁLSMEDFERÐ

Öll mál sem berast RNS eru skoðuð með það í huga að í þeim geti falist lærdómur sem geti komið í veg fyrir að sambærilegt atvik endurtaki sig.

Afgreiðsla mála er byggð á rannsóknargögnum sem fyrir liggja svo sem vettvangsrannsókn og framburði aðila t.a.m. stjórnenda, slasaðra og vitna. Nefndin felur viðeigandi og hlutlausum sérfræðingum hluta rannsóknar þegar og ef efni standa til.

Fyrsta afgreiðsla mála eru drög að skýrslu sem send eru aðilum máls til umsagnar svo og Siglingastofnun Íslands. Lokaskýrsla tekur mið af athugasemdum ef nefndin tekur tillit til þeirra. Lokaskýrslur eru sendar aðilum máls, Siglingastofnun Íslands og Siglingaráði.

RNS getur í lokaskýrslu sett fram tillögur í öryggisátt þ.e. um úrbætur í öryggismálum til sjós ef rannsókn gefur tilefni til þess. Þessum tillögum er beint til Siglingastofnunar sem ber að sjá til þess að þær séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni. Siglingastofnun skal senda RNS niðurstöður slíkrar afgreiðslu.

MARKMIÐ RNS ER AÐ:

- Hraða afgreiðslu mála til að orsök óhappa skili sér sem fyrst til annarra.
- Vera góður tengiliður á milli sjómanna og hlutaðeigandi aðila og auka upplýsingastreymi.
- Vera í huga um bjóðenda RNS vettvangur sem vert er að styrkja og treysta.

HVAÐ BER SKIPSTJÓRNENDUM AÐ GERA?

Skipstjóra, útgerðarmanni og öðrum þeim sem verða þess áskynja að sjóslys hafi orðið ber að tilkynna það til RNS.

Skipstjórnendum ber samkv. lögum að:

- Skrá atburðinn í dag- eða leiðarbók.
- Kalla til lögreglu til að taka skýrslur af skipstjóra, vitnum og hinum slasaða ef um meiriháttar líkamstjón er að ræða eða mannlát.
- Tilkynna sjóslys og önnur atvik til RNS.
- Gera ítarlega skýrslu um atvik. s.s. slys á fólki, ef það gerist utan hafnar.
- Sjá um að taka til varðveislu sönnunargögn.
- Afhenda skýrslur og hluti til RNS við komu til hafnar.
- Tilkynna slys á fólki til Tryggingastofnunar ríkisins.

HVAÐ VILL RNS EINNIG VITA?

Auk greinargóðrar upplýsinga um óhapp óskar RNS m.a. að fá upplýsingar um:

- Tegund vinnu t.d. veiðar, lestun og/eða losun o.s.fr.v.
- Staðsetning skips og veðurlýsingu
- Hvenær og hvar í skipinu óhappið átti sér stað
- Upplýsingar um verklagsreglur
- Reynslu slasaða og starfstími á skipinu
- Vinnutími slasaða og hvíldartími
- Öryggisatriði
- Fjöldi í áhöfn



RANNSÓKNARNEFND
SJÓSLYSA

Upplýsingarit

SKÝRSLUR RNS

Á vef RNS, rns.is er hægt finna strax öll mál sem berast nefndinni og lokaskýrslu þeirra um leið og afgreiðslu er lokið. Mörg þessara mála gefa ekki tilefni til sérstakra rannsókna en eru skráð og verða hluti af tölulegum upplýsingum í framtíðinni. Vefurinn er með öflugra leitarmöguleika og óhöpp eru flokkuð eftir staðsetningu, svæðum, tíma, tegund skipa, tegund óhappa, veðri o.s.fr.v.

RNS gefur einnig út prentaðar skýrslur fyrir hvert ár. Í hana eru valin mál sem nefndin telur að eigi sérstakt erindi til þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Hægt er að nálgast skýrslurnar í heild sinni á vef RNS á PDF formi.


Á vefnum er hægt að ná í tilkynningareyðublöð fyrir ykkur, handa okkur.

OKKAR RANNSÓKNIR YKKAR HAGSMUNIR



www.rns.is

Olísefjalínun ehf.



1. útgáfa, júní 2005

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd sjóslysa

Flugstöðin

340 Stykkishólmi

Sími: 552 5105

Simbréf: 551 5152

Netfang: rannsjo@skyr.is

Veffang: www.rns.is

www.rns.is